

## 124. fundur

Skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms haldinn mánudaginn 2. júní 2008 kl. 18 á kaffistofu skólans.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra
2. Önnur mál

Mætt voru: Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður, Daði Jóhannesson, Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri og Sigurborg Sturludóttir.

1. Jóhanna fór yfir vordagskrána, próf og tónleika og fór yfir helstu viðburði vetrarins. Fimm tóku áfangapróf og fimmtán tóku stigspróf, fjórtán nemendur tóku tónfræðipróf (1., 2. og 4. stig). Lúðrasveitin starfar fram fyrir 17. júní.

Samþykkt var að stytta námsár tónlistarskólans um eina viku. Kennarar verða þeir sömu auk þess verður ráðinn í hlutastarf László Petó sem ráðinn hefur verið sem organisti.

Ný gjaldskrá er komin á heimasíðu skólans. Skóladagatalið er að taka á sig mynd og annar undirbúningur fyrir næsta skólaár í réttum framvegi.

Rekstur tónlistarskólans er innan marka fjárhagsáætlunar.

2. Önnur mál

Tvö frönsk horn hafa bæst við hljóðfærakost skólans.

Ákveðið var að nefndin hittist næst í ágúst.

Fundi slitið kl. 18.42.

Sigurborg Sturludóttir (sign.),

Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.),

Daði Jóhannesson (sign.),

Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.).